



Akureyrarbær

Upphafsávarp Vorkomu árið 2022

Komið þið sæl.

Velkomin á Vorkomu Akureyrarbæjar.

Það er falleg hefð á sumardaginn fyrsta að tilkynna um verðlaun og viðurkenningar til samborgara okkar sem eiga það sameiginlegt að hafa auðgað líf okkar með margvíslegum hætti.

Þótt mest gaman sé að hittast í raunheimum og fagna sumardeginum fyrsta og viðurkenningarhöfum þá hefur það líka sína kosti að mætast í netheimum - því fleiri fá að njóta og við erum ekki bundin af stund og stað.

Hér á eftir verður tilkynnt um heiðursviðurkenningar Menningarsjóðs, byggingalistaverðlaun Akureyrarbæjar, jafnréttisviðurkenningar Akureyrarbæjar og hver verður næsti bæjarlistamaður.

Með sól í sinni látum við okkur hlakka til sumarsins og gleðjumst saman yfir tilhugsuninni um okkar fallega bæ í sumarbúningi. Nú stýttist óðfluga í vorið og við sjáum þegar fyrstu merki um gróandann.

Allir þekkja Vorvísur Ídu úr sögunni af Emil í Kattholti eftir Astrid Lindgren. Þar segir í fyrsta erindi í þýðingu Böðvars Guðmundssonar:

Já, vittu til, staðhæfir vorið,
að vetrinum þoka ég frá.
Þótt enn hvíli blómin í blundi
og bleik séu úthagans strá,
ég vildi þau vekja og hressa
en veit það er fullsnemmt um sinn
því geri ég holur í hjarnið
og hleypi þar sólinni inn.

Gleðilegt sumar kæru vinir!

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri